

21. apríl 2006

Umsógn um frumvarp til laga, 669. mál, EES reglur.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2679/98 frá 7. desember 1998 um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Eimskipafélag Íslands gerir athugasemd við 1. gr lið b) í samþykkt reglugerðarinnar.

Eimskipafélag Íslands telur skilgreiningu á hugtakinu *hindrun* í b) lið 1. gr reglugerðarinnar ónákvæma. Í greininni kemur fram að merking hugtaksins *hindrun* feli í sér hindrun frjálsra vöruflutninga milli aðildarríkja sem valdi einstaklingum alvarlegu tjóni. Eimskipafélag Íslands telur að bæta ætti *lögaðilum* inn í liðinn svo það komi skýrt fram að hindranir sem hafa í för með sér alvarlega röskun á frjálsum vöruflutningum skuli hvorki valda einstaklingum né fyrirtækjum sem þær bitna á alvarlegu tjóni. Alvarleg röskun á frjálsum vöruflutningum myndi fremur bitna á flutningsfyrirtækjum, svo sem með vegatálmum eða skemmdum á flutningsförum, og/eða eigendum farmsins (sem einkum eru fyrirtæki), svo sem með eyðileggingu á varningi, en einstaklingum.

Orðalag b) lið 1. greinar mætti því vera svohljóðandi:

- b) veldur einstaklingum eða lögaðilum, sem hún bitnar á,
alvarlegu tjóni, og

Að svo stöddu gerir Eimskipafélag Íslands ekki aðrar athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllt

EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS EHF.


